

# HÚSÖNDIN

65.tbl. 2.árg.  
5.júní 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 6.-12.JÚNÍ

- 7.6 *Kjartan Þ Sigurðsson, Unnur Þóra Jökulsdóttir, Agla Rögnvaldsdóttir*  
8.6 *Þórunn Einarsdóttir*  
9.6 *Arnór Helgi Knútsson, Karl Óskar Hólmgeirsson,  
Hjörtur Jón Gylfason*  
11.6 *Gígja E Sigurbjörnsdóttir*

Hátíðarguðspjónusta með fermingu og altarisgöngu  
verður á Hvítasunnudag 9.júní 2019  
í Skútustaðakirkju klukkan 11:00

Kórar sóknanna syngja. Organisti og söngstjóri Jaan Alavere  
Fermdir verða:  
Bárður Jón Gunnarsson og Kristján Örn Kristjánsson  
Gleðilega hátíð!  
sr.Örnólfur



# HJÓLADAGUR



Jæja nú er komið að hjóladeginum hjá Slysavarnafélaginu Hring.

Þriðjudaginn 11. júní ætlum við að halda hann við  
Reykjahlíðarskóla kl 16:30.

Lögreglan mun mæta á staðinn og skoða hjólin.

Boðið verður upp á ís og svala.

Höfum gaman saman

Hlökkum til að sjá sem flesta.

S.V.D. Hringur.



## Efnistaka úr Sandskarðsnámu



Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 21. maí 2019 umsókn frá stjórn landeigenda í Vogum f.h. landeigenda í Vogum um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Sandskarðsnámu. Í því felst að í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur sveitarfélagið Skútustaðahreppur farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Niðurstaða sveitarfélagsins Skútustaðahrepps á fundi sveitarstjórnar þann 21. maí 2019 er að efnistaka úr Sandskarðsnámu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. júní 2019.



## SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ 30 ÁRA

# KVENNAHLAUP ÍSÍ Í MÝVATNSSVEIT KVENRÉTTINDADAGINN

Miðvikudaginn 19. júní kl 17:00

Hlaupið verður frá Jarðböðunum, tvær vegalengdir í boði 3 og 5,5 kílómetrar.  
Skráning kl: 16.30 við Jarðböðin, Alma og Ragnhildur verða á staðnum.  
Bolur og veglegur gjafapakki fylgir hverri skráningu í tilefni 30 ára  
afmælis Kvennahlaupsins.

Einnig verða veittir verðlaunapeningar og frítt í Jarðböðin fyrir alla hlaupara!  
Vegalengdin er stutt og skiptir engu hvort hún er gengin eða hlaupin, mestu  
máli skiptir er að koma saman, sýna samstöðu kvenna, njóta útiveru og  
samverustundar með fjölskyldu og vinum.

Hvetjum ALLAR KONUR, dætur, mæður, systur, vinkonur, frænkur og ömmur  
til að mæta!

Karlmenn eru líka velkomnir, stórir sem smáir  
Skráningargjald er kr 2000,- fyrir 13 ára og eldri og  
kr 1000,- kr fyrir 12 ára og yngri  
Athugið - enginn posi á staðnum.



MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

## Þingeysk sveitarblöð


Þann 7. júní 2019 verður ný sýning opnuð á jarðhæð Safnahússins.

Á sýningunni verða Þingeyskum sveitarblöðum gerð skil í máli og myndum.

Sýningin verður opin daglega frá 10-18 fram til 31. ágúst.

Ókeypis aðgangur.

Safnahúsið á Húsavík





## Skólaliðar við Reykjahlíðarskóla

Skólaliða vantar við Reykjahlíðarskóla frá 20. ágúst 2019 í 60% starf. Skólaliðar eru þátttakandur í uppeldisstarfi skólans.

Þeir skulu hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri.

Þeir sýna nemendum skóla gott fordæmi, eru jákvæðir, heilsuhraustir, traustir og samkvæmir sjálfum sér.

Þeir starfa með nemendum í leik og starfi, sjá um þrif á skólahúsnæðinu og gegna jafnframt húsvörslu.

Þeir starfa eftir starfslýsingu fyrir skólaliða og húsvörð við Reykjahlíðarskóla.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2019.


Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

Sími 464-4375

Tölvupóstur: [solveig@reykjahlidarskoli](mailto:solveig@reykjahlidarskoli)




# Frjálsíþróttæfingar á Laugavelli í sumar

Frjálsíþróttaráð HSP stendur fyrir **frjálsíþróttæfingum fyrir 11 ára og eldri** á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar. Æfingatímarnir eru eftirfarandi:

Þriðjudaga kl. 18:00-19:30  
Fimmtudaga kl. 18:00-20:00

Verð kr. 22.500,- fyrir sumarið, afsláttur fyrir systkini  
Þjálfarar verða Selmdís Þráinsdóttir og Gunnhildur Hinriksdóttir



---

Að venju eru allir velkomnir á æfingar á Laugavöll óháð búsetu eða félagsaðild

Skráning og greiðsla æfingagjalda óskast í gegnum Nórakerfið: [hsth.felog.is](http://hsth.felog.is)

---

## Frjálsíþróttaráð HSP

Frekari upplýsingar veitir Gunnhildur Hinriksdóttir, gjaldkeri Frjálsíþróttaráðs á [gihinriks@gmail.com](mailto:gihinriks@gmail.com) eða í s. 694-5244



## FLÍSAR – FLÍSAR – FLÍSAR

Nú er tíðin fyrir innivinnu og eigum við til sölu um það bil 70 fermetra af flísum, ásamt lími, fúgufni og fleira. Mynd í lit má sjá á heimasíðunni [www.gjallandi.is](http://www.gjallandi.is), undir Húsöndinni.

Endilega hafið samband við Daníel í síma 848-9782 fyrir nánari upplýsingar.

Kær kveðja úr Jarðböðunum





## Göngu- og hjólastígur við Mývatn

Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í jarðvegsskipti í stíg (án jöfnunarlags og malbiks) með fláum og skeringum, lagningu ræsa, að fjarlægja og endurnýja girðingar ásamt fleiru. Heildarlengd stígs er um 2700 m.

### Helstu magnþölur:

Uppúrtekt	um 5.000 m <sup>3</sup>
Styrktarlag, unnin klöpp 0/63	um 2.000 m <sup>3</sup>
Styrktarlag, möl úr námu 0/200	um 4.000 m <sup>3</sup>
Ræsi	um 10 stk
Girðingar	um 300 m

### Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2019.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá 7. júní 2019. Til að fá útboðsgögn þarf að senda upplýsingar um nafn fyrirtækis, forráðamann, netfang og síma á netfangið **skutustadahreppur@skutustadahreppur.is**.

Tilboðum skal skila á Skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn eigi síðar en föstudaginn 21. júní kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

### Skútustaðahreppur





Boccia	Pílu kast
Bridds	Pútt
Frjálsíþróttir	Pönnukökubakstur
Frisbígolf	Ringó
Golf	Skák
Hestaíþróttir	Stígvélakast
Hlaup	Strandblak
Línudans	Sund
Lomber	



Héraðssamband Þingeyinga hvetur Þingeyinga til að taka þátt í Landsmóti UMFÍ 50+ sem verður haldið á Neskaupsstað dagana 28.-30. júní n.k.

Mótið er blanda af keppni og hreyfingu og því að fá fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í eitthvert íþróttafélag, allir geta tekið þátt og á sínum forsendum. Þáttökugjald er 4.900kr.

Skráning á mótið fer fram á síðunni [umfi.felog.is](http://umfi.felog.is) en einnig er hægt að hringja í þjónustumiðstöð UMFÍ á skrifstofutíma og skrá sig símleiðis í síma 568-2929.